

# Erlent hlutabréfasafn ÍV

31. janúar 2012

Athugið að reglum og nafni sjóðsins hefur verið breytt og tóku breytingarnar gildi 1. janúar 2012. Eignasafn sem fram kemur í einblöðungnum er því ekki lýsandi fyrir þá eignasamsetningu sem breyttar reglur gera ráð fyrir. Upplýsingar um breyttar reglur má finna í útboðslýsingu sjóðsins.

## Fyrir hvern er sjóðurinn?

Erlent hlutabréfasafn ÍV er góður kostur fyrir þá sem vilja fjárfesta í erlendum hlutabréfum og vilja jafnframt mikla dreifingu á eignirnar sínar.


Þar sem miklar sveiflur geta verið á gengi sjóðsins þá hentar hann best í lengri tíma fjárfestingar.

## Markmið og fjárfestingarstefna


Erlent hlutabréfasafn er hlutabréfasjóður sem fjárfestir að meginstefnu í hlutabréfum sem skráð eru í kauphöllum þróaðra markaða samkvæmt MSCI Barra. Markmið hans er að ávaxta eignir sjóðsins með því að fjárfesta í erlendum hlutabréfum sem skráð eru í viðurkenndum kauphöllum.

Þar sem sjóðurinn er gerður upp í íslenskum krónum þá hefur breyting á gengi krónunnar áhrif á sjóðinn. Styrkist krónan minnkar ávöxtun sem því nemur og eykst ef krónan veiktist.

## Verðbreyting (upphafsgildi = 100)



## Eignasamsetning



## Tölfræðilegar upplýsingar

Viðmiðunarvísitala	MSCI BRIC
Fylgni við viðmiðunarvísitölu (12M)	0,992
12M rúllandi staðalfrávik	6,6%

## Stærstu eignir

Greater China - Pictet	14,4%
Eastern Europe - Pictet	13,5%
Indian Equities - Pictet	11,4%
iShares MSCI Emerging Market	8,4%
iShares MSCI BRIC 50 Fund	5,4%

## Verðbreyting tímabila

	1 mán	3 mán	6 mán	12 mán	3 ár *	4 ár *
Erlent hlutabréfasafn ÍV	12,4%	8,4%	-8,0%	-7,8%	26,9%	12,1%

\* Verðbreytingar 3 og 4 ára eru á ársgrundvelli

## Verðbreyting ára

	2011	2010	2009	2008	2007
Erlent hlutabréfasafn ÍV	-20,7%	6,7%	93,1%	-22,6%	31,7%

## Grunnupplýsingar

Stærð (m.kr.)	151
Sjóðstjóri	Helga Björg Ingvadóttir
Stofnár	2006
Umsýsluþóknun á ári	1,5%
Rekstraráðili	Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf
Vörsluaðili	Íslensk verðbréf hf
Bloomberg auðkenni	BRIKHLA IR

## Viðskipti

Lágmarkskaup	3.000
Þóknun við kaup	2%
Þóknun við sölu	0%
Afgreiðslutími	10:00 til 14:00
Uppgjörstími	3 viðskiptadagar (T+3)
Áskriftarmöguleiki	Nei
Gengi sjóðsins 31.01.2011	189,3965

## Hvernig fjárfesti ég í Erlendu hlutabréfasafni ÍV?

Hægt er að fjárfesta í Erlendu hlutabréfasafni ÍV með því að hafa samband við ráðgjafa Íslenskra verðbréfa í síma 460 4700.

Einnig má fjárfesta í sjóðnum á heimasíðu Íslenskra verðbréfa [www.iv.is](http://www.iv.is).

Athuga að vegna reglna sem hefta fjármagnsflæði frá landinu er fjárfesting í sjóðnum háð takmörkunum og skilyrðum. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Íslenskra verðbréfa hf. í síma 460 4700 eða í tölvupósti.

## Skattlagning

Hagnaður af innlausn eignarhlutdeildar verðbréfasjóðsins er skattskyldur á Íslandi. Skattskyldur hagnaðar ákvarðast samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt nr. 90/2003 og myndar eignarhlutdeild í sjóðnum stofn til greiðslu eignarskatts. Vörslufyrirtæki sjóðsins, Íslensk verðbréf hf., sér um að standa skil á fjármagnstekjuskatti samkvæmt 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, en hann leggst á þegar eignarhlutdeild í sjóðnum er seld með hagnaði eða þegar tekjur eru greiddar af eignarhlutdeild. Söluhagnaður ber 20% fjármagnstekjuskatt.

## Fyrirvari

Erlent hlutabréfasafn ÍV er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. er rekstrarfélag sjóðsins.

Útboðslýsingu og nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu Íslenskra verðbréfa, [www.iv.is](http://www.iv.is). Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðslýsingu sjóðsins og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti.



ÍSLENSK VERÐBRÉF